# Opna Reykjavíkurmótið í keilu 2015

## Einstaklingskeppni karla og kvenna.

Skráning er hafin í Reykjavíkurmót einstaklinga. Skráning fer fram á netinu . Keppnin fer fram í Keiluhöllinni í Egilshöll.
Skráningu lýkur fimmtudaginn 10. september, kl. 22:00.
Leiknir verða 9 leikir í forkeppni og komast fjórir efstu (karlar og konur) áfram í úrslit. Úrslitin eru þannig að 1. – 4., 2. – 3. sætið úr forkeppninni leika saman. Sá/sú sem fyrr vinnur tvo leiki heldur áfram. Sigurvegararnir úr leikjunum leika svo innbyrðis og sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki hlýtur Reykjavíkurmeistaratitilinn. Þeir sem tapa spila innbyrðis um þriðja sætið og sigrar sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki.
Forkeppnin er laugardaginn 12. september kl 09:00, 6 leikir og sunnudaginn 13. september kl 09:00 eru 3 leikir í forkeppni og úrslit strax á eftir.

Olíuburður er sá sami og notaður verður í deildakeppninni, Stonehenge - 40 fet - ratio 6.56

Verð er kr. 5000.

Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega.
Undirbúningsnefnd áskilur sér rétt til breytinga í forkeppninni.

Reykjavíkurfélögin